

**102**  
13. des.

## AUGLÝSING

um

breytingu á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar frá 4. janúar 1923.

Í stað „45 aura“ í 1. gr. staflað a. komi „50 aura“.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samþykkt samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1924, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. des. 1923.*

**Kl. Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**103**  
29. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Akurnesinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. desember 1923. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Sjúkraskýlissjóð Akurnesinga.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkraskýlissjóður Akurnesinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af stúkunnni „Akurblóm“ nr. 3 að tilhlutun þeirra húsfreyju Mettu Steinunnar Hansdóttur (f. Hoffmann), dóttur hennar ungfrú Petreu G. Sveinsdóttur og Sumarliða Halldórssonar á Akranesi.

## 3. gr.

103

29. des.

Stofnfje sjóðsins er 2211 kr. 20 aur. — tvö þúsund tvö hundruð og ellefu krónur og tuttugu aurar — og skulu kr. 1211.20 — tólf hundruð og ellefu krónur og 20/100 — lagðar í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir nafninu A. en kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins um aldur og æfi undir nafninu B. A-deild sjóðsins skal ávaxtast til þess tíma er stjórn sjóðsins og byggingameistari ríkisins telur sjóðinn orðinn nægilegan til þess, að reist verði með tilstyrk hans vandað sjúkraskýli á Akranesi, við hæfi kaupþúnsins og næstu hreppa. Fellur þá A-deild sjóðsins til útborgunar nema 1000 kr. — eitt þúsund krónur — er ávaxtast skulu áfram í Söfnunarsjóðnum, með þeim skilmála, að helmingur upphæðarinnar með vöxtum falli jafnan til útborgunar, er endurreisa þarf sjúkraskýlið, að dómi stjórnar sjóðsins og yfirstjórnar heilbrigðismálanna.

Í B-deild sjóðsins skulu allir ársvextir lagðir jafnóðum við sjóðinn þangað til tekið er að starfrækja sjúkraskýlið. Þá má verja  $\frac{1}{4}$  af ársvöxtum B-deildar til viðhalds og rekturskostnaðar skýlisins, en  $\frac{3}{4}$  vaxtanna skulu jafnan leggjast við höfuðstólinn.

Báðar deildir sjóðsins taka við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla vöxt sjóðsins og styðja að tilgangi hans.

Skal alt fje, sem sjóðnum áskotnast, jafnóðum lagt við stofnfjeð.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa forgöngumenn að stofnun sjóðsins, Metta St. Hansdóttir, Petrea Sveinsdóttir og Sumarliði Halldórsson, meðan þeir eru á lífi, ennfremur hjeraðslæknir, sóknarprestur og hreppstjóri (bæjarfógeti, ef slíkt embætti verður sett á stofn) á Akranesi. Þegar forgöngumenn falla frá, kýs hreppsnefndin (bæjarstjórnin) á Akranesi 2 menn í þeirra stað og skulu þeir kosnir æfilangt, eða meðan þeir dvelja í kaupþúninu.

Stjórnin skiftir sjálf með sjer störfum. Hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs tvo endurskoðendur. Stjórnin hefir á hendi reikningsfærslu sjóðsins og ber ábyrgð á fje hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningur sjóðsins skal árlega lagður fyrir hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og lætur hún hann (þ. e. reikninginn) liggja frammi almenningi til sýnis í viku.

## 5. gr.

Þegar sjúkraskýli er reist á Akranesi og sjóðurinn tekur til starfa, skal stjórn sjóðsins semja reglugjörð um starfrækslu og stjórn sjúkraskýlisins og skal sú reglugjörð staðfest af stjórn heilbrigðismála Íslands, með þeim breytingum, sem henni þykja nauðsynlegar.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.